

Stjórnarfundur Neytendasamtakanna 12/2/2026

7. fundur stjórnar 2025-2026

Staður: Guðrúnartún 1

Mætt:

Auður Alfa Ólafsdóttir, Breki Karlsson, Hildigunnur Hafsteinsdóttir, Salka Sól Styrmisdóttir, Sigurður Másson, Stefán Hrafn Jónsson, Virpi Jokinen og Þórarinn Stefánsson.

Fjarverandi:

Benjamín Julian, Margrét Dóra Ragnarsdóttir, Flóki Guðmundsson og Pálmey Helga Gísladóttir.

Gestir:

Engir gestir.

Dagskrá fundar:

1. Setning fundar
2. Gallar í fjölbýlishúsum á Íslandi
3. Umræða um starfsemi samtakanna frá síðasta fundi
4. Aðalfundur
5. Umræða um áherslumál 2026
6. Næstu stjórnarfundir
7. Önnur mál
8. Fundargerð lesin upp til samþykktar
9. Fundarslit

1. Setning fundar

- Formaður setti fundinn klukkan 17:16.
- Breki Karlsson var kosinn fundarstjóri og Sigurður Másson fundarritari.

2. Gallar í fjölbýlishúsum á Íslandi

- Stefán Hrafn Jónsson gerði grein fyrir niðurstöðum rannsóknar um göllum í fjölbýlishúsum hér á landi.

- Stuttar umræður þar sem stjórnarmenn lýstu yfir mikilli ánægju með skýrsluna og töldu hana þarfa og afar gagnlega.

3. Umræða um starfsemi samtakanna frá síðasta fundi

- Formaður fór yfir helstu atriði í starfseminni frá síðasta fundi og gaf stutt stöðuyfirlit.
- Rætt var um gang verkefna og stöðu þeirra, með áherslu á helstu mál sem eru í vinnslu.

4. Aðalfundur

- Aðalfundur Neytendasamtakanna verður haldinn þriðjudaginn 21. apríl kl. 17:30
- Umræður fóru fram um form og framkvæmd aðalfunda Neytendasamtakanna.

5. Umræða um áherslumál 2026

- Farið var yfir áherslumál samtakanna líkt og þau birtast á vefsíðunni <https://ns.is/malaskra/>.
- Eftir umræður var ákveðið að skipa nefnd stjórnarmanna til að skrifa drög að áherslumálum samtakanna 2026. Þórarinn Stefánsson mun leiða nefndina.

6. Næstu stjórnarfundir

- Gerð var tillaga um að næstu stjórnarfundir verði haldnir:
 - 04.03.2026 kl. 17:15
 - 08.04.2026 kl. 17:15

Tillagan var samþykkt samhljóða

7. Önnur mál

- Engin önnur mál lágu fyrir fundinum.

8. Fundargerð lesin upp til samþykktar

- Fundargerðin var lesin upp og samþykkt samhljóða af fundarmönnum.

9. Fundarslit

- Fundarslit kl. 18:57.